

## Frumvarp til laga

um lagaskrifstofu Alþingis.

Flm.: Vigdís Hauksdóttir, Elsa Lára Arnardóttir, Frosti Sigurjónsson,  
Jóhanna María Sigmundsdóttir, Karl Garðarsson, Páll Jóhann Pálsson.

### 1. gr.

Stofna skal lagaskrifstofu Alþingis sem hafi það hlutverk að samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Starfsmenn lagaskrifstofu skulu vera alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis og Stjórnarráðsins til ráðgjafar um undirbúning löggjafar. Skal einkum líta til þess að frumvörp standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er bundið af og að frumvörp séu lagatæknilega rétt. Lagaskrifstofa skal einnig ganga úr skugga um að frumvörp standist þjóðréttarlegar skuldbindingar og séu í samræmi við gildandi lög, að þau séu nákvæm, skýr og auðskiljanleg og gjaldtökuheimildir séu skýrar.

### 2. gr.

Á lagaskrifstofu skulu starfa fimm manns og skulu allir vera lögfræðimenntaðir og að minnsta kosti tveir skulu vera prófessorar í lögum. Forseti Alþingis skipar einn lagaprófessor að tillögu forsætisnefndar Alþingis og skal hann jafnframt vera í forsvari lagaskrifstofu, tveir menn skulu skipaðir að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera prófessor í lögum og tveir skulu skipaðir að tillögu Lögmannafélags Íslands. Skipunartími skal vera fimm ár og kjararáð skal úrskurða um starfskjör.

### 3. gr.

Lagaskrifstofa setur sér sjálf starfsreglur og kveður nánar á um hlutverk sitt, sbr. 1. gr., og skal forsætisnefnd staðfesta þær.

### 4. gr.

Lagaskrifstofa er sjálfstæð stofnun og skal gæta jafnræðis við undirbúning mála og aðstoð við alþingismenn, sbr. 1. gr.

### 5. gr.

Starfsemi lagaskrifstofu skal tryggð með framlögum úr ríkissjóði í fjárlögum hvers árs.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

## I.

Frumvarp sama efnis var flutt á 138., 139., 140. og 141. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Á Norðurlöndum er það liður í starfsemi ráðuneyta að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort á þeim séu laga-tæknilegir ágallar eða hvort þau samræmist stjórnarskrá og alþjóðasamningum. Yfirgnæfandi meiri hluti lagafrumvarpa sem samþykkt eru á Alþingi koma frá Stjórnarráðinu. Það var lengst af reyndin hér á landi að ekki væri starfrækt lagaskrifstofa af neinu tagi, en 1. október 2009 var skrifstofa löggjafarmála stofnuð í forsætisráðuneytinu, yfirlýst markmið skrifstofunnar er að auka gæði lagasetningar. Með gæðum lagasetningar er m.a. vísað til þess að lög séu auðskiljanleg, sem og að þau uppfylli lagatæknilegar gæðakröfur og séu í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðasamninga. Ekki er starfandi sérstakt lagaráð á vegum Alþingis sem hefur þetta hlutverk með höndum. Það er skref í rétta átt að komið hafi verið á fót sérstakri lagaskrifstofu á vettvangi forsætisráðuneytisins. Þó er réttara að verkefni sem þessi séu falin ákveðinni stofnun sem er sjálfstæðari gagnvart framkvæmdarvaldinu en svo að heyra undir forsætisráðherra. Núverandi fyrirkomulag er með þeim hætti að skrifstofunni er einkum ætlað að sinna ráðuneytunum. Mikilvægt er að samræmdri lagaskrifstofu verði komið á fót sem verður miðstöð þekkingar á góðum lagasetningarháttum og þjónustu bæði fyrir ráðuneyti og þingmenn auk skrifstofu Alþingis. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að frumvörp sem ekki eru nægilega ígrunduð og vönduð verði að lögum vegna ófullnægjandi vinnslu mála á undirbúningsstigi, slíkt er ekki til þess fallið að auk veg og virðingu löggjafans. Lagaskrifstofa Alþingis mun styrkja stöðu Alþingis sem löggjafa og auka gæði lagasetningar. Staða löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu mun auk þess styrkjast, en styrkur framkvæmdarvaldsins á kostnað annarra þátta ríkisvaldsins hefur löngum verið gagnrýndur og mun aukið jafnvægi milli þátta ríkisvaldsins styrkja lýðræði hér á landi og auka virðingu ríkisstofnana gagnvart hinum almenna borgara.

Í skýrslu sem gefin var út af forsætisráðuneytinu 1999 og ber heitið Starfsskilyrði stjórnvalda eru settar fram vangaveltur um þetta efni. Á bls. 72 í skýrslunni er kafli sem ber heitið *Lagaskrifstofa eða lagaráð?* Þar kemur fram að ekki er farið ítarlega og skipulega yfir öll lagafrumvörp hér á landi og ekki kannað hvort lagatæknilegir ágallar eru á þeim áður en þau eru lögð fyrir Alþingi og samþykkt sem lög. Í ljósi þess kemur ekki á óvart að miklu fleiri hnökrar hafa verið á íslenski löggjöf en annars staðar á Norðurlöndum.

Engum vafa er undirorpið að sú skipan sem Alþingi býr við er ófullnægjandi. Hæstiréttur sér um að dæma í slíkum málum en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað. Til að tryggja vandaða lagasetningu og forðast málaferli vegna mistaka við lagasetningu væri réttara að óháður aðili hefði það hlutverk að fara yfir og hafa eftirlit með undirbúningsferlinu. Þannig mætti komast að niðurstöðu um álitamál þegar frumvarp er undirbúið. Að sjálfsögðu hefði Hæstiréttur eftir sem áður síðasta orðið ef svo færi að Alþingi samþykkti lög sem einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Lengi vel voru í gildi lög nr. 48/1929, um laganeftnd, sem felld voru úr gildi 11. maí 2012. Í 2. gr. laganna var mælt fyrir um að laganeftnd sé skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingneftndum og millipinganeftndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmingu laga og annan undirbúning löggjafarmála. Ekki er vitað til að á þetta ákvæði hafi reynt eða að laganeftnd hafi komið saman eftir að lögin voru samþykkt. Í athugun setts umboðs-

manns Alþingis, *UA 23. október 2009 (5112/2007)*, var vakin athygli forsætisráðherra á ósamræmi milli ákvæða laga nr. 48/1929, um laganefnd, annars vegar, og hins vegar 17. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands. Var ráðist í endurskoðun á lögum nr. 48/1929 í kjölfarið. Lögin voru loks felld brott með lögum nr. 38/2012.

## II.

Á 116. löggjafarþingi lagði Páll Pétursson alþingismaður fram þingsályktunartillögu, þskj. 755, 441. mál, um að sett yrði á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitæfni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skýlt yrði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kynni á ákvæði stjórnarskrár. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kom fram að Alþingi skorti mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitæfni. Þetta væri einkum bagalegt þegar um væri að ræða viðkvæm deilumál er snertu stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þyrfti lagasamræmis. Þessi hugmynd var því komin fram á árinu 1992 og studdist flutningsmaður við yfirlit sem danska þingið hafði þá látið taka saman, dags. 5. september 1991, um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgjöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja. Þar kemur fram að í öllum þeim ríkjum sem athuguð voru er það skylda þingforseta að athuga hvort frumvörp séu í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma fram efasemdir við meðferð máls um hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum. Páll Pétursson alþingismaður lagði fram óbreytta þingsályktunartillögu um lagaráð á 117. löggjafarþingi, þskj. 530, 338. mál, og á 118. löggjafarþingi, þskj. 486, 321. mál, en þær hlutu ekki brautargengi.

Málið var endurvakið á 126. löggjafarþingi, þskj. 76, 76. mál, þá í formi lagafrumvarps um lagaráð. Flutningsmenn voru Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Í 1. gr. frumvarpsins var lagt til að á vegum Alþingis starfaði lagaráð sem hefði það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Lagaráð yrði Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp stæðust stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem íslenska ríkið væri bundið af eða hvort á frumvörpum væru lagatæknilegir ágallar. Í greinargerð með frumvarpinu voru færð fram rök fyrir því hvers vegna lagaráð ætti að heyra undir Alþingi en ekki Stjórnarráð Íslands með þessum orðum:

„Ástæðan fyrir því að sú leið er farin hér að stofna lagaráð en ekki lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands sem hefði sama hlutverk með höndum, er fyrst og fremst sú að með þessu fyrirkomulagi er verið að styrkja þátt Alþingis í lagasetningunni. Sú stjórnskipan sem við búum við og byggist á þrígreiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald hefur réttilega verið gagnrýnd fyrir það hversu sterkt framkvæmdarvaldið hefur verið á kostnað hinna þáttanna tveggja og úr því þarf að bæta til þess að efla og bæta lýðræðið hér á landi.“

Frumvarpið náði ekki fram að ganga og ekki heldur þegar það var endurflutt á 127. löggjafarþingi, þskj. 35, 35. mál.

## III.

Nauðsynlegt er að starf lagaskrifstofu Alþingis verði ekki íþyngjandi fyrir þingmenn enda er með frumvarpi þessu um að ræða bætt vinnubrögð í lagasetningu. Þingmenn verða að hafa frelsi til að leggja fram þau frumvörp og þær þingsályktunartillögur sem þá fýsir en þó að

uppfylltu ákvæði 1. gr. frumvarpsins eins og kostur er. Hér á landi er löng hefð fyrir meiri-hlutastjórnnum, með örfáum undantekningum, og því er nauðsynlegt að starfandi minni hluti fái notið jafnræðis í framlagningu mála.

#### IV.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er mikilvægt en um embættið gilda lög nr. 85/1997. Skv. 11. gr. þeirra laga skal umboðsmaður tilkynna Alþingi, svo og hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn, eftir því sem við á, verði hann þess var að „meinbugir“ séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Í 11. gr. reglna nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, er svo mælt fyrir að auk meinbuga á lögum og almennum stjórnvaldsfyrirmælum skuli umboðsmaður einnig gera fyrrnefndum aðilum viðvart verði hann þess var að „meinbugir“ séu á starfsháttum í stjórnslu. Í greinargerð, er fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, kemur fram að meinbugir á lögum geti verið formlegs eðlis, svo sem misræmi milli ákvæða, prentvillur, óskýr texti o.fl. Einnig geti meinbugir verið beinlínis fölgir í efnisatriðum, svo sem mismunun milli manna án þess að til þess liggja viðhlítandi rök eða að reglugerðarákvæði skorti lagastoð o.fl. Þá hefur umboðsmaður litið svo á að undir ákvæði 11. gr. falli m.a. þau tilvik þegar ákvæði laga rekast á eða íslensk lög eru ekki í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum.

Þau úrræði sem eru í boði hér á landi til að fá úr því skorið hvort lagafrumvarp standist verða fyrst virk eftir að frumvarpið er orðið að lögum og er því ætíð um lagatúlkun eftir á að ræða. Í ársskýrslum umboðsmanns Alþingis, sem starfað hefur í rúm 20 ár, er vel á annað hundrað mála sem embættið hefur vakið athygli á sem varða „meinbugi á lögum“, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Svo mikill málafjöldi hjá embættinu er algjörlega óásættanlegur.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnuð verði lagaskrifstofa á vegum Alþingis sem hafi það hlutverk að samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Á liðnum árum hefur það nokkrum sinnum gerst að löggjafarvaldið hefur samþykkt lög sem ekki hafa verið nægilega ígrunduð og vönduð. Sum hafa beinlínis gengið gegn stjórnarskrá eða hafa aðra lagatæknilega ágalla. Eru þessi tilfelli áberandi fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er að tryggja gæði lagasetningar og byggja upp traust gagnvart löggjafarvaldinu og er stofnun lagaskrifstofu liður í því. Frumvörp sem verða að lögum á löggjafarþingi þjóða eiga að vera það vel unnin í upphafi að þau séu nánast óumdeilanleg. Slík lagasetning léttir álagið á eftirlitsstofnunum og dómstólum. Nauðsynlegt er að létta álagið á umboðsmanni Alþingis en hann hefur haft vel á annað hundrað mála til afgreiðslu, sem beinlínis er hægt að rekja til meinbuga á lögum, síðan embættið var stofnað. Jafnframt yrði gríðarlegu álagi létt af dómstólum landsins.

##### Um 2. gr.

Á lagaskrifstofu skulu starfa fimm manns og skulu allir vera lögfræðimenntaðir. Mikilvægt er að þeir aðilar sem veljast til starfa á lagaskrifstofu hafi yfirgripsmikla þekkingu á lögum. Er lagt til að í það minnsta skuli vera tveir lagaprófessorar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Lagaskrifstofa er sjálfstæð stofnun og hennar hlutverk er að styrkja löggjafann í störfum sínum. Hlutleysi hennar skal vera algjört og eitt aðalhlutverk hennar er að gæta jafnræðis við undirbúning mála og aðstoð við alla alþingismenn, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.